



Stefnulýsing Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) í málum jafnréttis kynja, kynþátta, eineltis og fordóma

Það er stefna ÍR að vinna gegn því að fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti þrífist innan félagsins.

Jafnrétti kynja og kynþátta.

Allir einstaklingar innan ÍR skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku, þroska og hæfileika sína, óháð kynferði eða kynþætti.

Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþátta leggur ÍR áherslu á:

- Að veita báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gera engan greinarmun á drengja- og stúlknaflökkum við útdeilingu æfingátíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum deildum óháð aldri og kynferði og gerðar séu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflökka.
- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðin.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleysi gagnvart þeim.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi ÍR.
- Að þess skal gætt að karla- og kvennaflokkar félagsins fái jöfn tækifæri til fjáraflana sem taki mið af þeim verkefnum sem viðkomandi flokkur stefnir að.

Fordómar.

Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgengin(n) eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.

Til að koma í veg fyrir fordóma hvetur ÍR sína iðkendur sem og aðra félagsmenn til að:

- Taka ekki undir með þeim sem lætur í ljós fordóma.
- Biðja gerandann um að setja sig í spor þess sem hann fordæmir.
- Fræða gerandann.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.
- Muna að þeir standa ekki einir ef þeir verða sjálfir fyrir fordómum. Best er að reyna að finna einhvern sem stendur með sér, veitir stuðning og hægt er að tala við. Það geta verið vinir, foreldrar eða þjálfarinn eða einhver sem má treysta.

Einelti.

ÍR hefur búið til Eineltisáætlun sem er unnið faglega eftir með fagaðilum. Nánar má sjá um það inná eftirfarandi vefslóð inná heimasíðu ÍR www.ir.is
http://www.irsida.is/media/PDF/Adgerdaaetlun_IR.pdf